

ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN
NR. 15 — MARS '80



Útgefandi ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN, félag íslenskra áhugamanna um fjallamennsku, pósthólf #186, Reykjavík, Ísland.

Blað þetta kemur út í byrjun annars hvers mánaðar, efni í það þarf að berast ritnefnd fyrir 15. næsta mánuð. fyrir útkomu blaðsins.

Stjórn ÍSALP:

Formaður:	Guðjón Ó. Magnússon, s. 36059
Gjaldkeri:	Einar Steingrímsson, v. 24400
Ritari:	Magnús Guðmundsson, s. 30214
Varaformaður:	Björn Vilhjálmsson, s. 16543
Meðstjórn:	Ingvar Teitsson
	Torfi Hjaltason

Ritnefnd:

Ábyrgðarm.:	Ingvar Teitsson
Aðrir í ritnefnd:	Magnús Guðmundsson
	Sighvatur Blöndahl, s. 44689, v. 10100
	Snævarr Guðmundsson, s. 85070
	Guðlaug Halldórsdóttir

Ferðanefnd:

Einar H. Haraldsson, s. 75694
Guðjón Ó. Magnússon
Torfi Hjaltason
Björn Vilhjálmsson

Húsnefnd:

Björn Vilhjálmsson
Vilborg Hannesdóttir
Pétur Ásbjörnsson

EFNISYFIRLIT

Frá stjórninni	bls.
Félagsstarfið	3
Skýrsla stjórnar 1979	4
Reikningar ÍSALP 1979	5
Svipmyndir frá Íslandi	7
Doug Scott og Co.	8
Fjallaannáll - 2. grein	10
Ofkæling og kal	12
Leiðarvísir ÍSALP nr. 9 - Skarðsheiði	19
Fréttapistill	22
Alpaferðir	28
Skárri tæknið	28
Ferðir og fundir ÍSALP	30
	31

Forsíðumyndin: Erfitt ísklifur í Esju. Myndin tekin í Esjuferðinni 27. janúar. Ljósm.: Höskuldur Gylfason.

Offsetvinna: Repro

Prentun: Formprint

Vélritun: Gerður Helgadóttir.

Frá stjórninni:

Nú að loknum aðalfundi ÍSALP hefst starfsár nýju stjórnarinnar og annarra nefnda, sem hún skipar. Er þess að vænta, að starfið gangi ekki síður á þessu ári en það gerði á því liðna.

Að seinni hluta síðasta árs var jöfn og mikil aðsókn í Opið hús, var það mest að þakka stuttum (og löngum) kynningaratriðum, sem skipulögð voru hvert miðvikudagskvöld. En eitt var það sem húsnefnd tökst ekki að kynna sem skyldi og það var hússjóðurinn. Þegar útséð var að húsnæðið væri fengið og húsnefnd var skipuð, var ákveðið að stofna styrktarsjóð. Var sjóðnum atlæð að greiða hluta af, eða allan kostnaðinn af húsnæðinu. Sjóðinn átti að reka með stuðningi þeirra félaga, sem mest nota Opna húsið og gætu séð af nokkru fé. Greiðslan var hugsuð kr. 1000 á mánuði og væri hún innheimt tvísvar á ári, kr. 6000 fyrir janúar-júní og sama fyrir júlí-desember. Eins og fyrr sagði tökst ekki að framfylgja þessari áætlun sem skyldi á síðasta ári, en nú skal bæta um betur. Æskilegt væri að hússjóður gæti algjörlega rekið félagsheimilið að Grensásvegi 5, væri þá hægt að byggja upp blaðið og bókasafnið fyrir ár gjöldin. Þeir sem hafa áhuga á að styrkja hússjóðinn geta snúið sér til húsnefndarmanna og/eða stjórnarmeðlima með greiðsluna og þá á Opnum húsum eða félagsfundum.

Eitt er það mál sem stjórnin hefur lítillega rætt, en vísar nú til allra, en það er notkun erlendra tökuorða í þeim orðaforða er sér-hæfist við klifur. Má þar t.d. nefna: sling, lína eða borði sem bundinn er í lykkju, "jam" þar sem útlími er snúið í sprungu til að halda líkamsþunganum, pitch, carabiner, bivouac, prussik

o.s.frv. Það er oft nokkuð hvimleitt að geta ekki talað um klifur án þess að nota erlendar slettur, því væri gott að hafa íslenskar þýðingar á erlendum orðum. En hinu er ekki að neita að sum þessara orða hafa nú begar hlitið tölverða festu í málínu og eru um leið alþjóðleg, t.d. prussik, bivouac (enska), bivuak (danska, sænska, býska) og carabiner. Þarf er að þýða sum þessara orða og athuga síðan hvaða tillögur hljóta festu í málínu, önnur er kannski óþarfi að þýða og víast þá til alþjóðlegu orðanna. Vil ég að lokum opna þessa umræðu með því að biðja menn um að smjatta örliðið á kvenkynsordinu spönn, yfir vegalengd sem klifinn er milli tveggja megintrygginga (enska: pitch), og athuga hvernig það fer í munni. Annars víast til greinar Ara Trausta í þessu blaði.

Ég óska mönnum ánægjulegra stunda á klifurslóðum.

Björn Vilhjálmsson

Félagsstarfið

Vífilsfellsferðin var farin eins og áætlað var þann 13.1. Farið var úr bænum kl. 9 f.h. og ekið upp á Sandskeið. Þá skiptu menn yfir á tvo jafnfljóta og steðjuðu í átt til norðvesturhlíðar fjallsins. Allhvasst var af vestri og dálitið frost. Farið var í línum áður yfir lauk og klifrastrast upp nyrst í norðvesturhlíðinni, meinhæga leið. Nokkri reyndu við aðra leið erfiðari en snéru frá. Uppi á tindinum var safnast saman og síðan gengið niður í bíla. Fararstjóri var Magnús Guðmundsson og páttakendur níu.

Fyrsta áttavitanámskeið íSALP var haldið dagana 21. og 23. janúar. Fyrra kvöldið var notað til kennslu í notkun áttavita og korts og gerðar ýmsar æfingar innan dyra. Seinna kvöldið var æfing utandyra og genginn dálítill spotti fyrir ofan Geitháls. Námskeiðið heppnaðist vel og má gera ráð fyrir fleiri slikum í framtíðinni. Páttakendur voru 10 og leiðbeinandi Einar Hrafnkell Haraldsson.

Magnús Guðmundsson

Estuferð var farin 27.1. Farið var inn í Hrútdal norðan í Esju. Síðan var stefnan tekin á Pór-nýjartind en þar skiptu menn sér í hópa, hver eftir sinni getu. Stærsti hópurinn fór I. gráðu snjóleið, 2 hópar í III. gráðu snjó- og ísklifurleiðir og 2 garpar álpudust svo upp 40 metra haan ísfoss. Þar var um að ræða IV. gráðu ísklifurleið. Veður hélst frábært allan tímann, logn og hiti við frostmark. Páttakendur 15 og fararstjóri Höskuldur Gylfason.

Höskuldur Gylfason.

Aðalfundur íSALP var haldinn miðvikudaginn 13.2. að Grensásvegi 5. Fundarsókn var allgóð eða um



Snjóklifur í Esju.

40 manns. Fundarstjóri var kosinn Guðmundur Ingi Haraldsson og fundarritari Einar Hrafnkell Haraldsson. Þarnæst flutti Guðjón Ó. Magnússon formaður skýrslu stjórnar fyrir árið 1979. Síðan flutti Erlingur Thoroddsen gjaldkeri íSALP reikninga félagsins. Engar athugasemdir komu fram, hvorki um skýrsluna né reikningana. Þá var gengið til stjórnarkjörs. Ó stjórninni áttu að ganga Guðjón Ó. Magnússon, formaður, Erlingur Thoroddsen, Björn Vilhjálmsson og Magnús Guðmundsson. Auk þess sagði Helgi Benediktsson sati sínu lausu en hann átti eftir eitt ár af kjörtímabili sínu. Guðjón var endurkjörinn formaður til eins árs, í stjórn til tveggja ára: Björn og

Magnús, í stjórn til eins árs: Einar Steingrímsson, og í vara-stjórn til eins árs: Torfi Hjaltason. Arnfinnur Jónsson var endurkjörinn sem endurskoðandi íSALP.

Að loknu stjórnarkjöri tók Erlingur Thoroddsen til málss, þakkaði stjórninni samfylgdina og kvaðst síðan átla að gefa íSALP bókina Fjallamenn eftir Guðmund frá Miðdal auk árs-áskriftar að hverju því fjall-göngutímariti sem vera skyldi.

Í endann sýndi Helgi Ben. myndir úr starfi klúbbsins á síðasta ári.

Magnús Guðmundsson

Hengilsferðin var farin sunnudaginn 10. febrúar í ágætis-veðri. Ekið var að Víkingsskál-anum og gengið þaðan um Sleggjubeinsskarð í Innadal. Þar var skipt liði. Þrír úr hópnum klifu upp snævi þakta kletta innst í dalnum og gengu þaðan á Skeggja, meðan hinir gengu á fjallaskíðum "auðveldustu leiðina" á Skeggja. Smákrók urðu skíðamennirnir að taka á sig vegna snjóflóðahættu á stikuðu leiðinni. Eftir smádvöl á tindinum var ýmist gengið eða rennt sér á skíðum niður í bílana. Fararstjóri Guðjón Ó. Magnússon og páttakendur áttu.

Árshátíð og Tindfjallaferð íSALP var farin helgina 22.-24. febrúar. Ekið var á tveimur bílum austur að Fljótsdal á föstudagskvöldið og gisti í farfuglaheimilinu um nóttina.

Næsta morgun var komin úrhelli-ringning og var beðið fram að hádegi þartil stytti upp. Upp úr hédegi var lagt af stað. Gengið var í krapaelg og aurbleytu í Tindfjallaskála. Þar var aðkoman ferleg, rusl um allt gólf, brotnar rúður og hnédjúpur snjör. Byrjað var á því að moka út, negla borð fyrir glugga og hreinsa til. Síðan var skálinn kyntur duglega og um kvöldið var kominn rúmlega 40° hiti inni í honum.

Þá hófst árshátíðin. Sumir héldu upp á hana með því að borða og aðrir með því að syngja. Áðalskemmtun kvöldssins var þó Yatzy og var það spilað fram eftir nóttu.

Sunnudagsmorguninn var veður frekar óhagstætt til fjallgangna -boka og éljagangur og var því aðeins gengið niður í bílana. Heim óku svo hressir og ánægdir félagar. Páttakendur voru átta Guðjón Ó. Magnússon fararstjóri.

Guðjón Ó. Magnússon

Skýrsla stjórnar 1979

Á þessu ári jókst starfsemi Alpakuðbbsins og var haldið áfram á þeirri braut, sem áður hefur verið mörkuð. Félagatalið hefur aukist mjög á árinu og hefur félögum fjöldað um 80, úr 120 í 200. Fast að 240 manns hafa þó komist inn í spjaldskrá klúbbsins, en ekki hafa allir greitt árgjald enn sem komið er.

Húsnaðið að Grensásvegi 5 hefur verið félaginu mikil lyftistöng á árinu. Framan af var aðsókn að opnu húsi mjög dræm, en um mitt ár var horfið að því ráði, að vera með fasta dagskrá á hverju miðvikudagskvöldi. Tók þá aðsóknin mikinn fjörkipp og hefur verið góð allan seinni hluta ársins. Eins og kunnugt er leigir klúbb-

urinn húsnæðið í samvinnu við Skandinavisk Boldklub og hefur samstarfið við þann félagsskap verið með ágætum.

Rétt er að geta bókasafns klúbbsins. Ekki getur það talist mikil að vöxtum enn sem komið er, en þó hafa nokkrar bækur verið keyptar til safnsins á árinu og fleiri eru ventanlegar. Mikill áhugi er innan stjórnar að efla safnið, en sú ákvörðun var tekin á stjórnarfundi í maí síðastliðnum að lána ekki út úr safninu að svo komnu máli. Ástæða þessarar ákvörðunar var hin mikla bókafæð safnsins.

Skáli fjallamanna i Tindfjöllum hefur verið í umsjá ÍSALP eins og kunnugt er og voru farnar tvær vinnuferðir á vegum klúbbsins til að hreinsa hann, mál að utan og innan, auk þess sem skipt var um kabyssu. Er skálinn nú í góðu ásigkomulagi.

Ferðir voru alls 15 á árinu, þar af 4 námskeið: Snjóklifurnámskeið í Hengli, klettaklifurnámskeið á Pingvöllum og tvö ísklifurnámskeið í Gigjökli. Þátttakendur í ferðum voru alls 179, þar af voru 60 þátttakendur í námskeiðunum fjórum. Tókust flestar ferðirnar með ágætum.

Félagsfundir voru haldnir alls 6 á árinu. Var þar ýmislegt fræslu- og skemmtiefni á boðstólmum. Sérstaklega má nefna félagsfund, sem haldinn var 1. ágúst á Hótel Borg, en þar sýndi bandarískri fjallamaðurinn William Q. Sumner myndir frá fjallaferðum í Ameríku og ferð Bandaríkjamanна á KZ 1978. 15. ágúst sýndi svo Arnór Guðbjartsson myndir og sagði frá McKinley-leiðangri fjögurra félaga Alpaklúbbsins. Einnig má geta tveggja kvíkmynda, sem sýndar voru á félagsfundum í nóvember og desember. Voru þær enskar og um klifur í Himalaya. Eins og áður hafði ferðaneftir umsjón með ferðum og fundum ÍSALP.

Blað klúbbsins kom út reglulega á árinu, alls sex tölublöð. Hefur

það verið óbreytt að formi til, en nokkrar lagfæringer hafa orðið hvað varðar uppsetningu og frágang. Vegna þess að eldri tölu-blöð blaðsins gengu til þurrðar sum hver, var ákveðið að endurprenta tölublað 7-9. Tiltölulega auðvelt var tæknilega að endurprenta þessi blöð þar sem þau voru offsetprentuð, en tölu-blöð 1-6 voru fíjörlituð. Áhugi er þó fyrir því að endurprenta einnig fyrstu sex blöðin, en eins og áður segir er þar erfiðara um vik vegna þess að stenslarnir munu glataðir. Ritnefnd héfur sem áður ynnit af hendi mikla vinnu við útgáfu blaðsins.

Rétt er að geta þess, að komið hefur verið á skiptum á blöðum og tímaritum við ýmsa klúbba og félög, innanlands og utan. Má bar nefna F.I., F.F.A. og amerísku-, frönsku- og svissnesku alpaklúbbana.

Stjórn ÍSALP, sem kosin var á aðalfundi 1979, skipuðu eftir-taldir: Guðjón Ó. Magnússon, formaður, Helgi Benediktsson, varformaður, Erlingur Thoroddsen, gjaldkeri, Ingvar Teitsson, ritari, og Björn Vilhjálmsson og Magnús Guðmundsson, meðstjórnendur. Stjórnin hélt mánaðarlega fundi og voru þeir allvel söttir.

Að lokum vill stjórn Íslenska Alpaklúbbsins þakka öllum þeim, sem störfuðu fyrir félagið með fararstjórn, myndasýningum eða annarri vinnu, vel unnin störf.

Stjórn ÍSALP.

ÁRSREIKNINGAR PR. 31.12.1979

Gjöld:

Prentun	759.689
Burðargjöld	206.213
Ritföng	8.205
Húsnæðiskostnaður	387.607
Merki: 1.1.79	38.330
keypt	49.200
	87.530
+ 10.2.	80.000
Auglýsingar	7.530
Myndasýn. Hótel Borg	54.600
	60.000

Tekjur:

Ársgjöld	1.024.500
Merki	8.000
Auglýsingatekjur	535.592
Húsnæðistekjur	95.000
Tekjur af ferðum	44.500
Seldur útbúnaður	20.000
v/Bókasafns	5.000
Vextir	15.193
Tekjur umfram gjöld	263.941

SAMTALS 1.747.785 1.747.785

Eignir:

Ávsr. 1371 Landsbandinn	301.743
Bókasafn	105.814
Sjúkrabörur	41.875
Merki	80.000

Skuldir:

Ógreidd húsaleiga	129.400
Höfuðstóll 1.1.79	136.091
Tekjur skv. rekstrarreikn.	400.032

SAMTALS 529.432 529.432

Reikningar þessir hafa verið yfirfarnir og eru samþykktir.

Reykjavík 13.12.1979


Svipmyndir frá Íslandi

Þegar ég heimsótti land ykkar fyrir skómmu, átti ég þess kost að kynnast á nýjan leik fólkini í landinu og fjöllum þess. Þar sem ég hef einnig ferðast um og klifrað í ýmsum fjallasvæðum heimsins, ætla ég nú að segja ykkur frá nokkrum hugrenningum mínum um fjallamennsku á Íslandi.

Árið 1976 kom ég í fyrsta sinn með fjölskyldu minni til Íslands. Þá dvaldi ég hjá gölum vinum frá stúdentsárum mínum í Seattle, Sigfúsi Björnssyni, Eddu Benjaminsson og Tótu Sigfúsdóttur. Í það skiptið dvöldum við mest í Reykjavík, fórum þó í nokkrar styttri ferðir út á landsbyggðina. Ég hreifst þá bæði af þjóðinni, gölum þjóðsagnahefðum ykkar og af landinu sjálfu, sem mér fannst ungt, tilkomumikið og fagurt. Ég vonaðist til að geta komið aftur síðar til að skoða fjöllin ykkar betur.

Árið 1979 tókst mér það. Ásamt Ingvari Teitssyni, Guðmundi Péturssyni, Magnúsi Guðmundssyni og Torfa Hjaltasyni fór ég frá Reykjavík suðaustur fyrir Vatnajökul, þar sem við klifum tvö fjöll og spjölluðum heilmikið saman. Í fyrsta hluta ferðarinnar gengum við upp Kálfafellsdal og klifum Þverártindsegg. Á leiðinni þurftum við að vaða yfir á, síðan að brörla upp seinfarna leið um skriður, klettabelti og jökulfannir. Þegar við vorum þannig komnum upp að háfjallinu austanverðu, komumst við að raun um, að suðurhryggurinn, sem við höfðum ætlað að reyna við, var of erfiður. Því gengum við suður og vestur fyrir fjallið og þaðan upp að hátindinum á hefðabundinn hátt. Á þessari hrингferð fengum við stórfenglegt útsýni yfir Vatnajökul og Öræfajökul. Okkur tókst að sigrast á síðasta klettabeltinu og fengum í sameiningu notið kvöldsólarinnar á hátindi fjallsins.

Daginn eftir tjölduðum við í



Bill Sumner

Skaftafelli í grennd við hóp frá Ferðafélagi Íslands og ráðgerðum að ganga á Hvannadalshnúk frá Sandfelli. Á leiðinni upp jökulinn gengum við upp úr þoku og skyjum og áttum mjög ánægjulega stund í glampandi sól á hájöklinum. Vil ég fullyrða, að hátindur Íslands er einn sá eftirminnilegasti, sem ég hef stigið á. Næsta morgun fórum við í stutt ísklifur á sporði Skraftafellsjökuls, og var þar með lokið fjallgönguhluta Íslandsferðarinnar. Sú klifurtækni og útbúnaður, sem ég sá í Íslandsferðinni, virðist hliðstæð við það sem gerist annars staðar á Vesturlöndum. Peirrar tilhneinginar hefur gætt í Bandaríkjunum - og e.t.v. á Íslandi líka - að burðast með ofgnott útbúnaðar í fjallaferðum. Í auðveldum ferðum skiptir þetta ekki máli, en á erfiðum klifurleiðum verður annað uppi á teningnum. Verum minnug þess, að hægt er að klífa leiðir eins og norðurvegg Eiger-fjalls í Sviss með minna en 15 kg. útbúnaðar. Að þessu

leyti geta ríkidæmi og velmegun verið dragbitar á vellíðan í klifri.

Sen útlendingur á ég erfitt með að dæma af neinni nákvæmni um fjallamennsku á Íslandi, þótt ég hafi komið þangað í stutta heimsókn. Hins vegar sé ég, hverja sérstöðu Ísland hefur, og dreg af því mínar ályktanir, með hliðsjón af reynslu úr öðrum heimshlutum, hvað þar er eða gæti orðið. Mér virðist, að:

1. Þið eigið fagrar óbyggðir með margvislegum möguleikum á löngum, hefðbundnum göngu- og klifurferðum, og:
2. Þið eigið nóg af snjó og klettum til að þróa ykkar eigin klifurferðir í erfiðum ís og bergi. Þetta klifur veitir ánægju út af fyrir sig, en er auk þess ágæt byrjunarpjálfun fyrir klifur í örðrum heimshlutum.

Óbyggðir eru auðvitað afstætt hugtak. Þág lít svo á, að óbyggðir séu landsvæði, sem eru nánast ósnortin af mannavöldum, þar sem eg get ferðast um og kynnst landinu í þeirri mynd, sem það hefur verið um þúsundir ára. Þág er peirrar skoðunar, að þetta sé nokkuð, sem þið ættuð að varðveita af kostgæfini. Þág ræddi við vini mína á Íslandi um tvennt, sem mjög snertir óbyggðir og varðveislu þeirra; skála og leiðsögubækur. Hvort tveggja veldur aukinni umferð á viðkomandi svæði og í heimalandi mínu hafa staðið harðar deilur um þetta. Hér í Bandaríkjunum hefur sú stefna orðið ofan á, að byggja enga skála yfirleitt og að láta sem flestum svæðum ólyst, til að varðveita þó eithvað af óbyggðunum. Kanadameð byggja að visu skála í fjöllum sínum, en preifa fyrst fyrir sér um staðsetninguna með því að setja upp lítil skýli, sem fára má milli staða. Bessir bráðabirgðaskálar gefa hugmynd um aðsókn og umgengnisvandamál, einnig sést með þessu hvort skýlt sé á staðnum fyrir vindí og snjó.

Margar augljósar leiðir eru enn óklifnar í öllum helstu fjöllum

ykkar, en að auki grunar mig, að finna megi margar prýðilegar, stuttar klettaleiðir í blágrýtisklettum viðs vegar um landið. Í ferð okkar austur að Vatnajökli sá ég allmög svæði við veginn, sem ég er viss um, að eru mjög viðunandi til klifuræfinga. Þessi svæði bíða eftir, að þið finnið þau og kannið. Stuttar en snarbrattar íslanur og ísfossar hljóta að vera algeng að vetrar til, jafnvel í grennd við Reykjavík. Með þeim nýtisku ísklifurbúnaði, sem bið eigið, liggur beint við, að glíma við bennan ís. Þessi kletta- og ísklifursvæði eru vel þess virði að þau séu könnuð, ekki aðeins til að njóta klifursins bar, heldur einnig í þjálfunar-skyni fyrir stærri fjöll annars staðar.

Mér virðist bið eiga fjallamennsku á frumstigi á eyju fornrar og ævintýralegrar sögu. Með nokkurri aðgát getið þið ekki einungis þjálfar ykkur nógum vel heima fyrir til að klifra hvar sem ykkur sýnist, bið getið líka varðveitt íslenskar óbyggðir, sem eru ekki aðeins sérstæðar, heldur einnig með þeim fegurstu í heimnum. Heppnin er með ykkur og ég vonast til að fá síðar tækifæri til að heimsækja ykkur á nýjan leik.

Bill Sumner

Doug Scott og Co.

"Starfsorka mannsins er með ólík-indum, á síðasta ári mátti hann varla vera að því að kyssa konu sína né króa. Hann hóf árið á fjallaferð og hann lauk því á eftirminnilegan hátt í fjallaferð". Þessa frásögn getur að líta í einu bresku dagblaðanna fyrir skömmu og þar er auðvitað átt við fjallgöngumanninn fræga, Doug Scott, sem hefur haslað sér völl sem einn fremsti fjallgöngumaður veraldar. Scott er Breti að þjóðerni og "þýr" í Nottingham, þar sem hann var kennari áður en hann fór að stunda fjallgöngur fyrir alvöru.

Hann hóf árið með því að bregða sér til Baffinseyja, þar sem hann kleif ýsma fræga tinda. Þaðan lá leið hans ásamt Peter Boardman, Joe Tasker og Georges Bettembourg til Nepal þar sem þeir hugðust klífa fjallið Kanchenjunga, þriðja hæsta fjall heims. Scott ásamt Boardman og Tasker tókst að ná tindinum eftir endurteknar tilraunir í vonskuveðri.

Eftir þessa ferð héldu flestir að

Scott væri búinn að fá nóg, en það var óðru nær, hann tyllti niður tá heima hjá sér í Nottingham, áður en hann hélt að nýju til Nepal, þar sem hann hugðist dveljast næstu fimm mánuðina. Þar ætlaði Scott ásamt Bettembourg og Mike Covington að klífa tindinn Kusam Kangri, sem er liðlega 7000 metra hárr, en mjög erfiður, norðurhlíð Nuptsetinds, sem er tæplega 8000 metra hárr og loks atluðu þeir félagarnir að leggja til atlögu við Everest, hæsta fjall heims, eftir vesturhryggnum, án þess að nota súrefni.

Scott og félögum tókst að sigra norðurhlíð Nuptse, sem er ein af bröttstu og lengstu leiðunum í Himalayaþjöllum, en það tók svo mikinn tíma að þeir komust í tímahrak er þeir reyndu við Kusam Kangri og urðu auðvitað að leggja öll áform um Everest á hilluna. Scott kom til sín rétt fyrir jólin og hafði þá verið um þrjár vikur heima hjá sér það sem af var árinu.

Sighvatur Blöndahl.



The North West side of Kangchenjunga

Allt í útilífið

Yfir 20 gerðir af bakpokum

KLIFURVÖRUR



Core-Tex
laminat
FATNAÐUR

OG

BAKPOKAR

FRÁ

berghaus

Útilíf

GLÆSIBÆ
SÍMI 30350

FJALLAANNÁLL

2. grein

TÍMABIL KÖNNUDANNA (18.öld-1900)

Seinni hluti: Erlendir könnuðir.

2.18 Inngangur

Ferðir annarra útlendinga en sjómannna til Íslands voru mjög strjálar fram yfir miðja 18.öld. Þá taka að venja komur sínar hingað erlendir menn í þeim tilgangi að kynnast landi og bjóð. Ekki voru sílikar ferðir til Íslands fram yfir aldamótin 1800, en aukast síðan jafnt og þétt eftir því sem lengra líður. Fyrst voru þessar ferðir að mestu rannsóknarleiðangrar einhvers konar og oft náttúruvísindamenn á ferð. Þegar kemur fram á 19. öld verða hreinar skemmtiferðir meira áberandi, og eftir 1850 verða þær yfirgræfandi í hlutfalli við rannsóknarferðir vísindamanna. Flestir þessar ferðamanna héldu sig við troðnar slóðir, en nokkrir hugsuðu hærra og reyndu við hina ýmsu tinda og öræfaleiðir. Í þessum hópi eru Englendingar fyrirferðarmestir. Talsverður áhugi virðist hafa verið meðal Bretta á Íslandi og möguleikum bess til fjallgangna. Til að mynda hvatti forseti Breska Alpaklúbbins, William Longman, í ræðu árið 1851 landa sína til að reyna við óklifna tinda og jöklar á Íslandi. Einnig má geta þess; að fyrir síðstu aldamót kom út í Skotlandi handbók fyrir ferðamenn sem atluðu til Íslands. Þar er m.a. lýst Heklugöngu.

Svo til allir þeir útlendingar, sem hingað komu, notuðu íslenska fylgdarmenn að ferðum sinum. Nokkrir íslendingar höfðu af því starfa á sumrum að fylgja ferðamönnum um hálandið. Sérstakir fjallaleiðsögumenn virðast ekki hafa komið upp nema þá helst í nágrenni Heklu, en þangað gerðu útlendingar tilreist á 19. öld.

12

2.19 SNAEFELL (1833 m.)

(Þessi kafli á í raun heima í greininni um íslenska könnuði, en sú vitneskja, sem hér fer á eftir kom ekki í leitirnar fyrr en eftir að síðasta blað kom út). Guðmundur Sveinsson frá Bessastaðagerði í Fljótsdal gekk líklega fyrstur manna alla leið á háttind Snæfells. Það var 11. ágúst 1872. Hann hóf ferð sína kl. 10 að kvöldi frá innsta bæ í Fljótsdal og stóð á tindinum kl. 8.15 morguninn eftir. "Það fannst mér tignarlegur staður. Þar reisti ég stöng með íslensku flaggi á" - segir Guðmundur í bréfi sínu til Skulðar.

Únnur skráð ganga á Snæfell var farin 22. ágúst 1880. G. Vigfússon (Guðmundur?) gekk þá á fjallíð norðanmegin ásamt félögum sinum. Fóru þeir yfir lítinn falyjökul, sem var afar mikil sprungið. Meðal annars urðu fjallgöngumennirnir að skriða yfir breiðar jöklugjár á mjóum snjóbrúum. Hæðin mældist 6400 fet, en við rætur fjallsins 2600 fet. Í bréfi til Norðanfara lýsir G. Vigfússon útsýni og leiðréttir m.a. landakort af svæðinu. Þá birtir hann líka lista yfir jurtir sem fundust á fjalllinu, þar á meðal jöklasóley.

2.20 HEKLA (1491 m.)

Sir Joseph Banks, Uno von Troil og fleiri gengu á Heklu 1772. Var það önnur gangan á fjallíð (1. gangan: Eggert og Bjarni). Banks og félagar héldu þetta vera í fyrsta skipti sem Hekla væri gengin. Reyndar sátu þeir nokkrum seinna kvöldverðarboð í Hafnarfirði þar sem Bjarni Pálsson var meðal gesta en Bjarni ómakaði sig ekki á því að leiðréttu þá.

Næst er gengið á Heklu 1789 af Sir John Stanley of félögum.



Snæfell, séð frá norðri

Eins og ljóst má vera af ofansögðu eru göngur Sveins Pálssonar 1793 og 1797 ekki önnur og þriðja gangan upp á Heklu, heldur fjórða og fimmta. Velunnari Alpaklúbbins, Dick Philips, benti á þessa vitleysu í bréfi, sem okkur barst í hendur fyrir skömmu. Kunnum við honum hinari bestu þakkir fyrir.

Eftir 1800 gerast göngur tíðari á Heklu og flestir þeir útlendingar, sem á annað bord ganga á fjöll hér á landi, ganga á Heklu. Fyrsta konan, sem gengur þar upp, er líklega Ida Pfeiffer, bískur ferðalangur, sem hingað kom 1845. Fór hún frá Selvundi með fylgdarmani.

2.21 SNAFELLSJÖKULL (1446 m.)

Eins og áður hefur verið greint frá gengu þeir Eggert og Bjarni á Snæfellsjökul fyrstir manna árið 1753.

Árið 1789 var gengið á hann öðru sinni og voru þar á ferð Englendingarnir Sir John Stanley og félagi hans, Mr. Wright. Þeir

fóru átta saman frá Stapa, sex Englendingar, einn Dani og einn íslenskur fylgdarmaður. Aðeins Stanley og Wright náðu alla leið upp að Jökulþúfunum. Hinir urðu eftir 150 metrum neðar, við slama jöklusprungu. Þeir mældu hæð fjallsins með loftvog 4534 fet og er það mun réttari mæling en hjá þeim Eggert og Bjarna (6800 fet).

Þriðja gangan var farin 1810 af tveimur Englendingum, Bright og Holland. Með þeim fóru þrí íslendingar. Þeir gengu frá Ólafsvík og upp að Austurþúfunni.

1815 gengur svo einn Englendingurinn til á Snæfellsjökul, biblíusalinn og ferðalangurinn Ebenezer Henderson og með honum þrí íslendingar.

Eftir þetta fjölgar ferðum á Jökulinn og var hann vinsæll með erlendra ferðamanna á 19. öld og mun Hekla ein hafa skákað honum í því efni.

13

2.22 STRANDMÆLINGARNAR 1801-1814

1801 hófust hér á landi skipulagðar landmælingar á vegum dönsku stjórnarinnar. Aðaltilgangur mælinganna var að fá rétta mynd af strandlengjunni kringum landið til að hægt væri að gera nákvæm sjókort.

Til mælinga urðu liðsforingjarnir sem verkið unnu að ganga á ýmsa tinda og hlaða þar vörður.

Flestir þessir fjallstoppar voru nálægt sjó og þar með byggðum, svo ætla má að margir þeirra hafi verið gengnir áður. Auk þess er erfitt að fá nákvæma skrá yfir pessa tinda. Þeir sem lengst unnu að þessari mælingu voru norsku liðsforingjarnir Hans Frisak og Hans Jacob Scheel. Skal nú tínt til það sem athyglisverðast má teljast af þeirra fjallögum. 1806 gekk Frisak á Drangajökul (925 m.) og síðan aftur fjórum sinnum 1809. Scheel gekk á ýmsa tinda á utanverðum Tröllaskaga sumarið 1810 og hlóð þar vörður. Því verki hélt hann áfram 1811 og gekk þá m.a. á Heljarfjall (1289 m.). Það sama sumar gekk Frisak á Kaldbak (1167 m.) við Eyjafjörð.

Austfjörðum voru mælingamennirnir 1812 og gengu þá á ýmsa tinda ónafngreinda. Síðan fara þeir um SA-land 1813. Þar gekk Scheel m.a. á Bakkatind (1057 m.) í Heinabergsfjöllum.

Annarra afreka mælingamannanna norsku verður getið í sérköflum hér á eftir.

2.23 ÖRFAJÖKULL (2119 m.)

Fyrsta ganga á Hvannadalshnúk var eins og áður hefur verið frá sagt ganga Hans Frisak 19. júlí 1813. Fylgðarmaður hans þar upp var Jón Arnason hreppstjóri á Fagurhólsmýri. Þeir gengu upp frá Sandfelli. Heimildir eru ekki langorðar um þessa ferð, en Þorvaldur Thoroddsen segir að þetta hafi verið glæfraför hin mesta. Segir hann jökulinn hafa verið mjög sprunginn og síðasti spöl-

urinn, upp á Hvannadalshnúk, hafi verið erfiðastur. Þar urðu þeir að höggva 86 spor. Alls voru þeir 13 tíma í ferðinni.

Englendingarnir C.W. Shepherd og Mr. Holland gerðu árið 1861 tilraun til að klífa Örfajökul frá Hnappavöllum. Þegar þeir komu upp að Hnappi (1851 m.) í brún, gigskálarinnar urðu þeir að snúa við vegna sprungna.

Árið 1890 gerði Bretinn Frederick W.W. Howell fyrri tilraun sína til að ganga á Örfajökul. Lagði hann upp frá Sandfelli 12. ágúst í fylgd briggja Svínfellinga, Páls Jónssonar, Þorlákssonar og Jóns Sigurðssonar. Ekki fóru þeir venjulega leið heldur fóru þeir norður yfir sporð Virkisjökuls, í Hvannadal. Þar tjölduðu þeir og héldu til um nöttina. Daginn eftir var haldið áfram, líklega upp Hvannadalshrygg, en þeir urðu að snúa við vegna veðurs.


Howell snéri aftur árið eftir, og 17. ágúst 1891 leggur hann upp með sömu fylgdarmönnum. Í þetta sinn fóru þeir hina venjulegu Sandfellsleið. Þeir stefndu á Hnapp í SA-brún gígsins í þeiri trú að hann væri hästi tindur fjallsins. Howell kleif hnappinn einn síns liðs, þar sem fylgdarmennirnir lögðu ekki í brattann. Af Hnappi sá Howell að í norðri var annar tindur hærri (Hvannadalshnúkur). Þeir snéru þegar þangað og linntu ekki fyrr en upp var komið.

Howell hélt þetta vera fyrstu göngu á Hvannadalshnúk og hefur því ekki vitað um ferð þeirra Frisaks og Jóns 78 árum áður.

Þriðja ganga á Hvannadalshnúk verður 1898 þegar danski læknirinn Schierbeck fer þar upp.

2.24 ÖVERÄRTINDSEGG (1554 m.)

Fyrsta ganga sem um getur á Överärtindsegg er ganga mælingamannsins Scheel, 13. ágúst 1813. Ekki er þess getið hvort hann fór alla leið upp á háeggina, en telja verður það ólíklegt vegna hæðar-



Hvannadalshnúkur. Teikning frá 1893 eftir F.W.W. Howell

innar, sem hann gefur upp. Hann malir fjallið 1151 m. á hæð með þríhyrningamælingu.

2.25 KERLING (1538 m.)

15. júní 1814 gekk Hans Frisak upp á Kerlingu við Eyjafjörð til að gera þaðan mælingar inn á hálendið. Ær þetta fyrsta skráða gangan á fjallið.

Eiríkur Briem gengur á Kerlingu um miðja 19. öld og Hannes Hafstein við þriðja mann 1879.

2.26 EIRÍKSJÖKULL (1675 m.)

Fyrst var gengið á Eiríksjökul einhvern tíma milli 1850-1860. Var þar á ferð útlendur maður í fylgd Ólafs bónda í Kalmanstungu. Ekki hefur tekist, brátt fyrir eftirgreinnslan, að fá nánari upplýsingar um þessa göngu. Það eina sem í ljós hefur komið, er að 1865 kom út í Bretlandi bók í skáldsöguformi, sem greinir frá Íslandsferð nokkurrá ungra Englendinga, sem m.a. ganga á Eiríksjökul.

Næsta ganga sem um er vitað var

farin 1895. Er þar á ferð svissneskur prfessor, Heusler að nafni og fylgdarmaður hans.

2.27 HERDUBREID (1682 m.)

Sumarið 1872 var á ferð hér á landi breski landkönnuðurinn og heimshornaflokkarinn Richard F. Burton. Var það sá hinn sami og gat sér hvað mesta frægð fyrir landkönnun í Afríku, m.a. leitinni að upptökum Nílar. Burton ferðaðist nokkuð um Ódáðahraun og gerði þá fyrstu tilraun sem um er vitað til að ganga á Herðubreid. Reyndi hann fyrir sér á fjallini norðvestanverðu, en snéri við upp við hamrana, sem girta efri hluta fjallsins. Olli því bæði grjótfug og aðfallandi myrkur.

William Lee Howard hét Bandaríkjamáður nokkur, sem kom hingað til lands ári 1881. Þar ferð sinni kvaðst hann hafa gengið á Herðubreid. Óll er frásögn hans af Íslandsdöblinni full með ýkjum og lygum. Hann sagðist hafa notað flugdreka í göngu sinni á fjallið, en sú ganga á að hafa tekið 38

klukkustundir. Hefur Howard þessi ekki verið tekinn nema miðlungi alvarlega og gangan á Herðubreið almennt ekki viðurkennd.

Eitt styður þó frásögn hans, en hann verður fyrstur til að fullyrða að Herðubreið sé eldfjall. Auk þess lýsir hann byggingu fjallsins nokkuð rétt. Í raun er erfitt að ítskýra það örðruvísi en hann hafi gengið á fjallið.

Sumarið 1908 er Herðubreið fyrst klifið svo óyggjandi sé. Eru þar á ferð þýski jarðfræðingurinn dr. Hans Reck og Sigurður Sumarliðason, fylgdarmaður hans. Fóru þeir þá leið, sem enn er farin á fjallið.

2.28 MÝRDALSJÖKULL (1480 m.)

Fyrsta ganga á hábungu Mýrdalsjöku, Goðabungu, fór fram 2. ágúst árið 1874. Þar er á ferð Breti að nafni William Lord Watts ásamt landa sínum, séra Wynne. Fylgdarmaður þeirra var Jón Magnaldsson. Mældist Watts hæð bungunnar 5750 fet (1750 m.) með loftvög.

2.29 VATNAJÖKULL

Sumarið 1875 fór leiðangur undir stjórn W.L. Watts norður yfir Vatnajökul. Ær þetta fyrsta skráða ferð yfir jökulinn. Með Watts í förinni voru fimm ungir menn af Suðurlandi: Páll Pálsson, Kristófer Þorvaldsson, Ólgeir Þorsteinson, Eyjólfur Bjarnason og Sigurfinnur Ketilsson.

W.L. Watts var félagi í hinum virðulega Breska Alpaklúbb í London. Hann kom fyrst til Íslands árið 1871, þá tvítugur að aldri. Hann kom hingað aftur 1874 og gekk þá á Mýrdalsjökul eins og aður hefur verið getið, en aðalverkefni hans var að fara yfir Vatnajökul. Hann fór upp Síðujökul áleiðis norður yfir, en varð að snúa við norðvestur af Grímsvötnum vegna illviðra og matarleysis. Aðalfylgðarmaður hans í þessari ferð, sem og í hinni seinni, var Páll Pálsson, kallaður jökull.

Leiðangur Watts 1875 lagði upp frá Núpstað í Fljótshverfi 24. júní. Farangur sinn ætluðu mennirnir að draga á sleðum, en í

farangrinum var m.a. tjald og einn stórr svefnþoki, sem rúmaði leiðangursmennina alla sex. Meginuppistaðan í nestinu voru 100 pund af kæfu, 50 pund af smjöri og 100 pund af dönsku skipsbrauði (skonroki). Auk annars voru með í fórum tvö gallon af ósviknu wiskýi.

Misjöfn veður hrepptu þeir á jöklínunum og voru tvívegis veðurteptir, annað skiptið í brjá daga og hitt skiptið í two. Leiðin lá upp Síðujökul að Þólsfjalli, en Watts nefndi það svo eftir Páli félaga sínum. Þórðarhrynnu gaf hann nafnið Vatnajökul's House. Frá Þólsfjalli lá leiðin vestan Grímsvatna, yfir austanverða Bárðarbungu, niður Dynjjujökul og að jöklinum við Kistufell. Höfðu þeir þá verið á jöкли í 12 daga. Þegar af jöklí kom tók við önnur ganga, ekki styttri, norður að Grimsstöðum á Fjöllum. Pangad komu þeir 10. júlí eftir þriggja daga göngu frá jökulrönd.

2.30 TRÖLLADYNGJA (1460 m.)

W.L. Watts gekk á Trölladyngju í Ódáðahrauni 16. júlí 1875. Með honum í fórr var Þorlákur Jónsson bóndi á Grænavatni. Þetta gerðist í ferð sem Watts fór eftir jökulgönguna til að kanna eldsumbrotin í Öskju, en þar gaus sem kunnugt er 1875.


2.31 LANGJÖKULL (1355 m.)

Frederick W.W. Howell segir frá fyrstu göngu yfir Langjökul í brefi til Ísafoldar.

Hann, ásamt tveimur Englendingum og Reykvíkingunum Jónasi og Erlendi (föðurnöfn óþekkt), lagði af stað frá Kalmannstungu 1. ágúst 1899. Fóru þeir í Torfabali og þaðan með hestana í Flosaskarð. 3. ágúst lögðu félagarnir af stað fótgangandi frá vestara vatninu í Flosaskarði, að sögn Howells, upp á jökulinn og stefndu norðaustur eftir miðhryggnum. Náttáð var við þursaborg eftir lýsingunni að dæma. Í Fögruhlið komu jöklafararnir 4. ágúst á móti hestum og fylgdmönnum, en fóru þaðan í náttstað í Þjófadöllum. Howell segir leiðina greiðfara og lítið sprungna.

Hér lýkur að segja frá fjallgögnum á tímabili könnuðanna, 1700-1900. Sjálfsgagt má finna hér einhverjar villur, en þær má leiðréttu síðar. Í næstu grein verður fjallað um tímabilið 1900-1950, tímabil frumherjanna.

Magnús Guðmundsson.
Ari Trausti Guðmundsson.




Herðubreið

"*Getit*"
Súkkuladí

MED
BAKPOKANN





Helly-Hansen



Pálmasón og Valsson
Klapparstíg 16
Sími: 27745
Kvöld sími: 52261



Ofkæling og kal

Pistill sá, sem hér fylgir, er lausleg þýðing á grein eftir Bill March, sem birtist í "Climber and Rambler" í nóv. 1979. Þar segir, að greinin sé samantekt úr flokki erinda um skaðleg áhrif kulta á mannslikamann, en þessi erindi voru flutt 1976-1977 í mið-Evrópu. Fjallabjörgunarsveitir, sem eru meðlimir í I.K.A.R. (International Commission for Alpine Rescue), munu nú nota þar aðferðir, sem hér er lýst, við meðhöndlun ofkælingar og kals. Hér er fyrst og fremst fjallað um fyrstu hjálp við ofkælingu og kali. Rétt er, að sem flestir félagar ISALP kunni skil á þessari meðferð, þar sem ofkæling og kal úti á viðavangi eru ekki fágæt fyrirbæri hér á landi, því miður.

Ingvar Teitsson

OFKÆLING (HYPOTHERMIA)

Leggja ber áherslu á hættuna, sem skapast við ranga upphitun hins ofkælda, þ.e. þegar köldu blóði frá útlimum og huð er "veitt" inn í iður líkamans og veldur þá "upphitunar"-dauða.

Um árabil var lögð áhersla á að drífa hinn ofkælda sem fyrst niður í heitt bað (40°C eða meira) eða þá í ylvolgt bað sem svo var hitað upp (á ca. hálfri klukkustund) í 40°C . Þessi aðferð veldur hættu á losti og hjartabilun við upphitunina, skal hún því ekki notuð. Einnig er nú talið óráðlegt að nota forhituð teppi eða rafmagnshitapúða, a.m.k. þegar hinn ofkældi er í dauðadáí. Þegar fórnarlamb ofkælingar er komið í dauðadáí, er iðrahítinn kominn niður undir 30°C - björgunarmenn geta haft petta til viðmiðunar við aðgerðir sínar. Í stuttu máli skal öll meðferð ofkælingar beinast að því fyrst

og fremst að hækka hitastigið í iðrum líkamans. Meðferð sú, sem nota ber á viðavangi og í fjallaskálum, er fólgin í að setja heita bakstra á brjóst hins ofkælda.

HEITIR BAKSTRAR:

Léreftslak er brotið saman fimm-falt og gegnvætt á innra borði með heitu vatni, t.d. úr hitaflösku. Svo er lakið sett utan yfir nærföt hins ofkælda á brjóstkassa og kvið, þar utan yfir er hinn ofkaldi færður í peysu og stakk. Svo er álpynnu (álpoka eða -teppi) vafið þar utan yfir, en um bolinn eingöngu, þ.e. útlimirnir eru ekki vafðir í álpynnu. Loks er hinn ofkældi vafinn í heild inn í allmörugteppi, sem lögð eru þétt að hálsinum. Ef flytja þarf hinn ofkælda á börum eða sleða, skal honum fyrst stungið í svefnþoka og svo búið um með öryggislinum. Endurnýja þarf heitu bakstrana á einnar klukkustundar fresti.

Þessi upphitunaraðferð hefur líka verið notuð á spítöllum, þar eð:

- Aðferðin er einföld.
- Iðrahítinn hækkar strax.

Aðferð þessi styðst við amerískar rannsóknir á ofkælingu eftir fall í vatn, sem sýna að mikil varmatap getur orðið út um hliðar brjóstkassans. Hér er húðitan yfirleitt þunn og lungun koma því nærrí yfirborði líkamans.

ADRAR AÐFERDIR TIL UPPHITUNAR OG VARDVEISLU IÐRAHITA:

- Gjöf upphitaðs vökva í að (1 liter af 5% prúgusykurs (glucose) -lausn, hitað upp í $43-45^{\circ}\text{C}$ og gefið á slysstað).
- Hægt er að fá sérstaka "Carinthian" -hitunarpoka, sem bundnir eru utan um vökvaflokkuna. Fást t.d. frá austurrísku fjallabjörgunarpjónustunni (Austrian Mountain Rescue

Service). Vökvagjöf þessi hækkar iðrahitann um ca. 3.5°C. Gefa ber vökvann hægt.

2) Með gjöf hitaðs súrefnis (á súrefnisgrímu) má hækka iðrahitastigið um 3-5°C, en þetta krefst flókins útbúnaðar.

3) Magaskolun með volgu vatni er fræðilega möguleg, en er þó engu betri en hitabakstrarnir, sjá hér að framan.

4) Ef hinn ofkældi hættir að anda sjálfkrafa, er betra að endurlíffa hann með munn-við-munn aðferðinni en öndunarbelg og grímu, því belgurinn dælir köldu lofti í lungu hins ofkælda.

5) Óráðlegt er að reyna útlimi í því skyni að hindra kalt bláða-blóð í að ná til iðranna.

6) Forðast skal að hreyfa hinn ofkælda nema sem allra minnst. Ef rétt er úr bognum hnjam, getur það valdið lækkun iðrahitastigs úr 30 í 27°C (vegna innstreymis kalds blóðs úr fótum).

7) Heitir bakstrar aftan á hálsinn eru gagnslitir, því að ekki þjónar tilgangi að hita heilann upp sérstaklega.

8) Stuttbylgjumeðferð er gagnleg, en þó ekki betri en heitu bakstrarnir.

A grundvelli þess, sem nefnt hefur verið, mælir I.K.A.R. með, að fyrstuþjálpars-æðilar veiti eftirfarandi meðferð:

I. Á vettvangi, hinn ofkældi með meðvitund:

a) Hreyfið hinn ofkælda sem minnst, hann skal ekki ganga né hreyfa sig.

b) Færð hinn ofkælda í þurr föt, ef það er hægt án þess að hreyfa hann teljandi.

c) Leggið heita bakstra á brjóst-kassann á einnar klukkustundar fresti.

d) Gefið hinum ofkælda heitan, sykraðan drykk.

e) Vermið hinn ofkælda með beinni líkamssnertingu.

f) Hvorki skal nudda né reyra útlimi.

g) Gefið ekki stungulyf (t.d. morfín eða slík verkjalyf) undir húð eða í vöðva, því að vegna lélegrar blóðrásar mun lyfið ekki ná að frásogast frá stungustaðnum.

II. Á vettvangi, hinn ofkældi með vitundarlaus:

a) Ef hinn ofkældi virðist í hjartastoppi (púlsar finnast hvorki framanvert á hálsi né í nára) skal beita hjartahnoði og munn-við-munn blástursaðferð. Notið ekki öndunarvél eða -belg.

b) Leggið heitan bakstur á brjóst-kassann.

c) Fylgist stöðugt með púlsi hins ofkælda.

III. Í skála (innan dyra):

a) Leggið hinn ofkælda í hlýtt rúm.

b) Leggið heita bakstra, sbr. að ofan.

c) Fylgist með púlhraða.

KAL (FROSTBITE):

Þrjú stig hafa verið skilgreind:

1. gráða: Hvítir, kaldir og e.t.v. harðir og dofnir útlimir.

2. gráða: Blöðrumyndun (eftir daga eða vikur).

3. gráða: Svartur, dreppenndur vefur (eftir daga eða vikur).

Ekki er hægt að greina á slysstað, hvort kal sé grunnt eða djúpt. Meðferðin verður því í öllum tilvikum sú sama. Þó er mikilvægt, að gæta fyrst að, hvort almenn ofkæling sé með í spilinu, því að sé svo, verður að meðhöndla hana fyrst.

Kal hefur í fór með sér:

a) Samdrátt (þrengingu) eða í "útkjálkum" líkamans.

b) Blóðið verður seigfljótandi, þegar það kólnar - og á hví erfiðara með að ná til "útkjálkanna".

Meðhöndlun kals skal því beinast að tvennu:

1) Víkka út æðar.

2) Bæta flæðigetu blóðsins.

Sem stendur eru uppi tvær meginstefnur varðandi meðhöndlun kals:

1) Hröð upphitun í vatnsbaði við 43-45°C.

2) Hæg upphitun í 10° heitu vatnsbaði, sem svo er hitað gætilega (á hálfri klukkustund) upp í 40°C. I.K.A.R. hefur nú hafnað hröðu upphituninni vegna þess að hún valdi misvægi milli súrefnisþarfar og súrefnismagns til reiðu, en slikt misvægi leiðir til súrunnar vefjanna og varanlegrar skemmdar. Örva verður blóðflæði til útlimanna áður en hinir kölnu líkamshlutar eru hitaðir upp. Hröð upphitun er líka afar sarsaukafulli.

MEDFERD KALS:

I. Á vettvangi:

a) Hita upp iður líkamans með því að gefa heita, sykraða drykki og leggja heita bakstra, samanber að framan.

b) Björgunarmaður skal verma kölnu líkamshlutana með eigin líkamshluta (innan klæða), s.s. í holhönd eða á maga eða milli fóta.

c) Nuddið ekki kalsvæðið upp úr snjó né á annan hátt. Berið ekki krem né annað slikt á kalsvæðið.

d) Hyljið kalsvæðið með þurrum, léttum umbúðum, forðist að setja þrýsting á það.

e) Þegar um kal er að ræða án almennrar ofkælingar, skal hvetja fórnarlambið til að hreyfa kalna líkamshlutann sem mest. Ef einungis er um lítils háttar kal að ræða, má láta hinn sjúka ganga, ella er rétt að bera hann.

II. Í húsi:

a) Hlýtt rúm.

b) Gefið heitan, satan drykk, ef til vill með áfengi út í (vikkar æðar).

c) Setjið kalna líkamshlutann í vatnsbað (um 10°C heitt), sem síðan er hitað upp í 40°C á hálfri klukkustund, ef hinn sjúki þolir við fyrir verkjum. Ella skal hækka hitastigið hægar.

d) Búið um kalsvæðið með hreinum, þurrum umbúðum.

e) Segið hinum sjúka að hreyfa kölnu limina án afláts.

Ingvar Teitsson þýddi.


Leiðarvísir ÍSALP:

Nr. 9: SKARDSHÉIDI

Skarðsheiðin er eitt þeirra fjalla, sem sifellt blasa við höfuðborgarbúum, og ekki er hægt að neita því að háttindurinn, Heiðarhorn, 1053 metra háð, hefur mikið aðdráttarafli. Það eru þó fleiri tindar heiðarinnar sem draga að, og nægir í því sambandi að nefna Skarðshyrnuna og Skessuhorn, sem fjallað var um sérstaklega í síðasta hefti blaðsins.

Þegar lagt er til atlögu við Skarðsheiðina er aðallega lagt upp frá þremur upphafspunktum, frá bænum Efraskarði í Strandahreppi, í tæplega 100 m. hæð yfir sjávarmáli, frá Draghálsi í um 200 m. hæð yfir sjávarmáli, og frá Horni í Skorradal, sem er í um 60 m. hæð yfir sjávarmáli.


Um tvær leiðir er að ræða frá höfuðborgarsvæðinu, en það er um Hvalfjörð og annað hvort um Dragháls, ef leggja á upp frá hálsinum eða Horni í Skorradal, eða um Hvalfjarðarströnd, sé lagt upp frá Efraskarði. Beygter til hægri við Miðfellsmúla, norður upp að Efraskarði, sé sú leið valin.



Skarðsheiði, séð úr suðri.

Segja má að sjö leiðir séu oftast farnar þegar lagt er á Skarðsheiðina og eru þær flestar auðveldar uppgöngu. Það tekur 3-10 klukkutíma að sigra fjallið eftir því hvaða leið er valin. Þó ekki taki nema daginn að sigra fjallið eftir hinum aðskiljanlegu leiðum, þá er ekkert því til fyrirstöðu að dvelja lengur á fjallinu, því næg eru verkefnin. Tiltölulega auðvelt er að finna tjaldstæði við rætur fjallsins og auðvitað er hægt að bívakka hvar sem er í fjallinu.

Því er eins farið með Skarðsheiðina eins og Skessuhorn, sem fjallað var um í síðasta hefti, að flestar leiðirnar eru mun skemmtilegri til uppgöngu á vetrum, þegar snjör og is er á fjallinu. Besti tíminn er janúar til apríl, en birtu skortir þó tilfinnanlega í janúar. Það er einkum tvennt, sem fjallgöngumenn verða að varast á Skarðsheiðinni, annars vegar grjóthrunshættuna á sumum leiðum yfir sumartímann og snjóflóðahættuna á vetrum. Að sumarlagi þarf engan



Skarðsheiði - yfirlitskort

sérstakan búnað á flestum leiðum, nema hvað ráðlegt er að hafa með sér línußotta, ef eitthvað færi úrskeiðis. Á vetrum er hins vegar nauðsynlegt að hafa ísexi og línußotta á öllum leiðunum. Til viðbótar koma svo mannbrottar, beltir, snjóanker, skrúfur, karabínur og öryggishjálmur á erfiðari leiðum.

Besta fáanlega kort af svæðinu er loftmyndakort 1613 IV, kvarði 1/50.000. Það er "Atlasblað" nr. 26 og 36, kvarði 1/100.000 og lok fíðungsblað, aðalblað nr. 2, Vesturland, kvarði 1/250.000.


Þær leiðir, sem aðallega eru farnar eru: 1) Dragaleið 2) "Normalleið" á Heiðarhorn, 3) Eyrarkamsleið, 4) Hryggleið á Skarðshyrnu, 5) Vesturlæna á Skarðshyrnu, 6) Norðurhlið Skarðsheiðar og 7) Súlnárleið á Skessuhorn. Auðvitað eru mun fleiri leiðir, sem hægt er að leggja til atlögu við og má í því sambandi nefna allar norðurhliðar heiðarinnar.

Einstakar leiðir:

Nr. 1: Dragaleið:

Gráða: I

Dragaleið er örugglega fjölbreyttasta leiðin sem hægt er að velja sér, en hún er jafnframt sú lengsta. Sérstaklega er hún skemmtileg að vetri til. Farið er úr bílum norðan við Hestadalsá á Draghálsi, farið er upp Hestadalsöxl og síðan er Norðurbrúnum fylgt í vestur og er á einum stað farið yfir mjög mjóan hrygg, sem getur verið varhugaverður. Brúnunum er fylgt þar til komið er að hæðapunkti í um 1017 m. hæð. Þaðan er hægt að fara ymist yfir á Skessuhorn, Heiðarhorn, eða jafnvæl niður, áleiðis í Efraskarð, þá annað hvort niður Súlnárdal eða Skarðsdal. Heildarvegalengdin er um 13 kílómetrar og má reikna með 6-9 klukkustundum í ferðina. Að sumarlagi er ekki þörf á neinum sérstökum búnaði, nema rétt er að hafa með sér línußotta og ekki sakar að hafa öryggishjálum. Sé



Skarðshyrna og Heiðarhorn.

hins vegar ferðast að vetri til er nauðsynlegt að hafa meðferðis brodda, ísexi, líflínu og snjó ankeri.

Nr. 2: "Normalleið" á Heiðarhorn:

Gráða: I

Heiðarhorn er eflaust sá hluti Skarðsheiðar, sem er fjölsóttastur, enda er það mjög auðvelt uppgöngu. Farið er frá Efraskarði upp Skarðsdal vestan við Skarðsá. Gengið er austur undir Skarðshyrnunni uns tindurinn blasir við og stefnan þá tekin á hann, en tindurinn er hæsti punktur Skarðsheiðar í um 1053 m. hæð yfir sjávarmáli. Í góðu veðri er mjög viðsýnt af tindinum. Reikna má með því að vera 2-4 tíma að fara þessa leið. Engin hjálpartæki eru nauðsynleg sé farið að sumri til, en á vetrum er ráðlegt að hafa ísexi, línuspotta og jafnvel mannbrodda.

Nr. 3: Eyrarkamsleið:

Gráða: I

Til að komast að Skarðshyrnu er haldið upp frá Eyrarskarði í átt til Vatnssdals, farið vestan undir Litlahorni, sem er tæplega 700 m.

Þegar menn leggja upp eftir Eyrarkamsleið er farið úr bílum við Grjótárbrú og haldið í gegnum Eyrarskóg. Þaðan er stefnan tekin upp Hrisarbrekkur og upp Eyrarkambinn sjálfan og loks er stefnan tekin upp Miðfjallið upp á Austurheiðina í rúmlega 1000 m. hæð yfir sjávarmáli. Hægt er síðan að velja hinum ýmsu leiðir til niður göngu, auch þess sem auðvitað er hægt að skreppa á Skessuhorn eða Heiðarhorn. Ferðin tekur 3-5 tíma eftir atvikum sé hornum sleppt, annars má bæta við 1-2 tíum. Þetta er tiltölulega létt leið uppgöngu og gerir ekki kröfur um aukabúnað að sumarlagi, en á vetrum er nauðsynlegt að hafa ísexi, línuspotta og mannbrodda í sumum tilvikum.

Nr. 4: "Vesturlæna" Skarðshyrnu:

Gráða: I

Til að komast að Skarðshyrnu er haldið upp frá Eyrarskarði í átt til Vatnssdals, farið vestan undir Litlahorni, sem er tæplega 700 m.

hátt. Þaðan er stefnan tekin á gil, sem gengur upp í gegnum klettabelti Skarðshyrnunar. Þegar upp úr gilinu kemur er hryggnum fylgt upp á tind, sem er í um 946 m. hæð yfir sjávarmáli. Frá tindi Skarðshyrnunar er svo stuttur spölur upp á tind Heiðarhorns. Reikna má með um 2-4 tíum í ferðina upp þessa "Hryggleið" sem er tiltölulega létt uppgöngu. Á sumrum þarf aðeins að hafa meðferðis línuspotta, en á vetrum er nauðsynlegt að hafa að auki ísexi, mannbrodda og snjóanker. Nokkur grjóthrunshætta er í gilinu á sumrum og snjóflóðahætta á vetrum.

Nr. 5: "Hryggleið" á Skarðshyrnu:

Gráða: I-II

Frá Efraskarði er stefnan tekin á Vatnadal undir Litlahorni, sem er í tæplega 700 m. hæð yfir sjávarmáli. Þaðan er haldið upp á Litlahorn og stefnan þaðan tekin á hrygg Skarðshyrnu en hann blasir við ofan af Litlahorni. Haldið er upp hrygginn allt upp á tind

Skarðshyrnunar í 946 m. hæð. Þaðan er stuttur spölur upp á Heiðarhorn. Sé lagt til atlögu við þessa leið er nauðsynlegt yfir sumartímann að hafa línu, öryggishálm, sling og karabínur, en ef farið er að vetri til þarf að auki snjóanker, mannbrodda, ísskrúfur, og að sjálfsögðu ísexi. Reikna ma með að ferðin taki 3-5 klukkutíma. Þá má benda á ókönnuð lönd, bæði austan við og vestan. Að vestanverðu eru nokkrar mjög erfiðar leiðir, en að austan eru þær öllu léttari.

Nr. 6: Norðurhlíðar Skarðsheiðar:

Gráða: I

Norðurhlíðar Skarðsheiðar eru að miklu leyti ókannað land, en það má þó nefna tvær leiðir, sem farnar hafa verið. Þáð eru þær rétt austan við Skessuhorn. Hér er um að ræða tvær snjóbrekkur, hlið við hlið, og er töluverð snjóflóðahætta í þeim báðum. Þessar leiðir eru yfirleitt ekki farnar að sumarlagi. Gengið er frá Horni í Skorradal,



Krikinn austan Skessuhorns. Skessuhorn til hægri.



Loftmynd af Skarðsheiði tekin vestan frá. Næst er Heiðarhorn með hina hrikalegu NV-hlíð. Skessuhorn í fjarska.

austan við Hornsá upp í kverkina undir hlíðinni, þaðan er tekin stefnan upp á Skarðsbrún. Þessar leiðir eru eins og áður sagði aðeins farnar að vetrarlagi og er þá nauðsynlegt að hafa meðferðis ísexi, mannbrotta, snjóanker, líflinu og beltí. Reikna má með því að ferðin taki 3-5 klukkutíma. Af heiðarbrúninni er síðan hægt að velja sér hinum ýmsu leiðir til niður göngu.

Nr. 7: Súlnárdalsleið að Skessuhorni:

Gráða: I-II+

Petta er leið sem oft er farin begar Skessuhorn hefur verið klifið, p.e.a.s. haldið er hrygginn af Skessuhorni áleiðis yfir heiðina. Þá er um þrjá möguleika að ræða. Hægt er að leggja til atlögu við sjálfan hrygginn í framhaldi Skessuhorns hryggs, en hann er mjög brattur og erfiður uppgöngu, sennilega illfær yfir sumartímann. Að vetri má ætla að hann sé gráðaður II+ og er nauðsynlegt að hafa allan aukabúnað, svo sem tvær ísaxir,

mannbrodda, líflínu, beltí, snjóanker, sling og öryggishjálm svo eittihvað sé nefnt. Síðan er hægt að fara lánu utan til í hrygnum, sem er brött og gerir kröfu til sama búnaðar og hryggleiðin. Í sambandi við þessa leið er rétt að benda á að þær eru einungis fyrir vana vetrarfjallamenn. Síðasti og jafnframt auðveldasti möguleikinn er að halda upp í lægsta punkt heiðarinnar þar sem engar sérstakar hindranir eru á vegi nema hvað snjóflóðahætta er þar mikil. Af brún heiðarinnar er síðan hægt að halda niður Súlnárdalinn niður að Efraskarði. Ferð þessi tekur 1-3 tíma eftir atvikum.

Að síðstu má svo nefna Norðurvegg Heiðarhorns, sem aldrei hefur verið klifinn, en erfiðleikarnir við hann eru sennilega svipaðir og í Norðvesturvegg Skessuhorns, sem getið var um í síðasta hefti.

Helgi Benediktsson.
Sighvatur Blöndahl





Blacks of Greenock

Alaskan II

An improved version of this rugged tent where the key to its great strength and rigidity is in the pole structure. Adjustable alloy ridge pole is supported at front and rear by strong alloy angle poles which are sprung into position, their feet locating in rings attached to the groundsheet. Inner tent of siliconed nylon has three way zipped front door with mesh ventilators, zipped access to rear bell (so useful for storage) and P.V.C. tray groundsheet.

Flysheet in Forest Green P.U. nylon, which can be erected first, has two side guys either side and all round rock/snow valance of unproofed nylon. The sleeve ventilators with mesh inserts at front and rear can be sealed off with nylon ties and, with door toggled back, there is adequate protection to cook in the lee. Flysheet and inner tent are fully flame retardant.

Inner Tent Size: 229 x 137cm (7'6" x 4'6")
Height at Front: 114cm (3'9") sloping to 91cm (3') at rear
Weight: 4.6kg (10 lb 4 oz)
Packed Size: 61 x 18cm dia (2' x 7')



Above: Alaskan II Below: Mountain Tent with Flysheet

Fréttapistill

Kæru lesendur. Alpaklúbburinn hefur ákveðið að taka upp pá nýjung að birta fréttir um þær merkisferðir klúbbsmeðlima, sem þeir fara fyrir utan ÍSALPferðir. Mun fréttapistill pessi birtast í hverju blaði upp frá þessu, ef þess er kostur, þ.e.a.s. ef fréttir verða nágilega margar. Er þá helst minnst á Klifurferðir í þessu sambandi. Eru félagar vin-samlegast beðnir um að hafa sam-band við Snævarr Guðmundsson eða aðra úr ritnefnd, t.d. á Opnum húsum, ef þeir fara einhverjar leiðir og þá sérstaklega ef um nýjar klifurleiðir er að ræða.

Bann 6. janúar síðastliðinn klífu 2 félagar ÍSALP nýja stutta leið rétt hjá þanum Esjubergi undir Esju. Þeir Torfi Hjaltason og Snævarr Guðmundsson fóru hana báðir "sóló". Ær þarna um að ræða ís foss, en í honum voru tveir snjóskaflar, en annars nokkuð löng og brott íshöft. Ástand fossins var frekar slæmt og er leiðin nokkuð opin. Meðal-halli leiðarinnar er í kringum 55° og telst fossinn af III. gráðu Lengd leiðarinnar er um 70 metrar.

Þriðja tilraun til að klífa NV-vegg Skessuhorns var gerð 3.2.

síðastliðinn. Áttu þar í hlut Hermann Valsson og Jón Þór Ólafsson, en þeir burftu að hætta við vegna myrkurs og voru þá komnir 150 m. upp í vegginn. Fleiri voru í þessari ferð, en þeir fóru á fjallid eftir léttari leiðum.


Í janúarmánuði síðastliðnum fóru tveir félagar ÍSALP, þeir Erlingur Thoroddsen og Sigrún Gunnarsson, til Skotlands á vetrarfjalla-mennskunámskeið. Nánar tiltekið í Glenmore Lodge. Námskeiðið tók viku og létu þeir félagar vel af kennslu og aðbúnaði öllum. Slámar klifuraðstæður voru að vísu til baga, því ekki var hægt að fylgja prógramminu til fullnustu.

Að lokum kemur hér ein snjóflóða-saga. Það var 10. febrúar sem 9 félagar klúbbsins voru á ferð á jafnsakleysislegum stað og Hús-múla í Hengli. Fór þá af stað snjóflóð þar sem þeir voru staddir í 20-30° bratta. Allir sluppu þeir ómeiddir úr flóðinu, en hér var á ferðinni blautasnjó-flóð og var það 2 m. á bykkt þar sem mest var. Flóðið var um 300 m. breitt og skreið niður um 60 m. Já, það er aldrei of var-lega farið.

Tekið saman af Snævarri Guðmunds-syni.

Oberland-svæðið í Mið-Sviss, Zermatt-svæðið í Suður-Sviss og Chamonix-svæðið í Austur-Frakklandi. Auk þess mætti nefna Gross Glocner-svæðið í Austurríki, en þangað hefur eitthvað verið farið.

Pessi svæði hafa öll eitthvað sér til ágætis. Í nágrenni Zermatt



Ór Ölpunum - Matterhorn fyrir miðri mynd.

eru fræg fjöll eins og Matterhorn, Monta Rosa, Weisshorn, og Dom, svo einhver séu nefnd. Á Berner Oberland-svæðinu eru fjöll eins og Eiger, Jungfrau, Mönch og Finisterreahorn svo einhver séu nefnd og loks á Chamonix-svæðinu eru fjöll eins og Mont Blanc, Grandes Jorasses og Les Courtes svo einhver séu nefnd. Flest þessara fjalla eru yfir 4000 metra há og hæst peirra er auðvitað Mont Blanc 4807 m. að hæð og er jafn-framt hæsta fjall Evrópu.

Fyrir unga, fjárlitla fjallamenn frá Íslandi er það einn hlutur sem stingur nokkuð í augun við samanburð á þessum svæðum, en það er kostnaðurinn. Chamonix-svæðið er til muna ódýrara heldur en bæði svæðin í Sviss, enda hefur Sviss jafnan haft það orð á sér að vera dýrasta land veraldar. Sem dæmi um verðlagið í Sviss, eða öllu heldur svissnesku Alpakofunum, þá kostar venjuleg máltið með einni dós af kók eða björ um 10 þúsund krónur á sama tíma og þetta kostar 5-6 þúsund krónur í frönsku Ölpunum.

Mjög góðar leiðsögubækur eru til um öll þessi svæði og eru bækur þær sem breski Alpaklúbburinn hefur látið þýða úr þýsku og frönsku sennilega aðgengilegastar fyrir Íslendinga, þ.e.a.s. Guide-

bók fyrir Berner Oberland, Penn-inger Alps og Mont Blanc-svæðið. Þá eru til mjög góð landakort af öllum þessum svæðum fyrir líttin pening.

Einfaldasta leiðin til að komast í Alpana, fyrir utan það að fljúga alla leið, sem er töluvert dýrt, er að fljúga með Flugleidum til Luxemborgar og annað hvort taka saman bílaleigubíl, sé um nokkrar saman að ræða, eða bara taka járnbrautarlest, þótt það sé engin skemmtireisa. Á almennum sérfargjaldi kostar flugfarið til og frá Luxemborg 180 þúsund krónur, en þá geta menn dvalið 6 til 30 daga á staðnum. Síðan væri hægt að taka dæmi af litlum fólksbíl, t.d. Volkswagen POLO, sem fjórir gætu með pokkalegu móti ferðast í. Þá kostar hann um 65 þúsund krónur á viku með ótakmörkuðum akstri og öllum tryggingum. Við þessa upphæð bætið svo bensín, sem er óveru-leg upphæð. Lestarfarið kostar fram og tilbaka um 50 þúsund krónur á mann.

Ef menn óska nánari upplýsinga geta þeir snúið sér til undirritaðs eða manna í stjórn klúbbsins, sem geta visað á menn, sem til þekkja.

Sighvatur Blöndahl

Alpaferðir

Hafi menn hugsað sér að skreppa í Alpana í sumar fer hver að verða síðastur að ákveða sig. Því þótti rétt að tína saman nokkra punkta mönnum til hagrædis og leiðbeininga. Möguleikarnir eru auðvitað ótæmandi, en þau svæði sem íslenskir fjallgöngumenn hafa aðallega leitað að eru Berner

Skárrí tækniorð

Við höfum fengið tækniorðin í fjallamennum að láni úr erlendum málum (ensku-frönsku).

Í mörgum tilvikum hafa íslensk orð fallið eðlilega að þessum tækniorðum. Flestir nota þau án umhugsunar. T.d. skulu nefndir fleygar, hnetur, ísskrúfur, áttur og snjóákerri. Lína, vaður, broddar og axir og sögnin að síga eru gömul orð yfir hluti eða athöfn, sem merkir nú það sama og áður.

Bótt ég sé ekki mikill málvönd-unarmáður, finnst mér óþægilegt að heyra eða nota orð eins og pitch, sling, karabínu, bívakk o.fl.

Ef finna á orð í staðinn verða þau að vera stutt, þjálg og ekki kauðaleg, sbr. tengifetilinn fyrir kúplingu í bíl.

Ég vil koma á framfæri nokkrum til-lögum - a.m.k. til umræðu.

Pitch - klifur milli tveggja megintrygginga - gæti kallast skorpa.

Gamalþekktar karabínur heita lásar og lykkjur til trygginga (sling) kallast bara lykkjur. Þá mætti kalla prussiklykkjur feta til aðgreiningar.

Og loks blesstað bívakkið. Hvað með var? "Við vorum í vari - varið var ótryggt og lélegt", segðu menn þá í staðinn fyrir "Við bívökkum - bívakkið var lélegt".

Að endingu: "Fixaðar" línur eru ágætlega fastar.

Ari T. Guðmundsson.

Styrktaraðilar

PLASTPRENT HF.

Höfðabakka 9, sími 85600

ÓLAFUR ÞORSTEINSSON OG CO. HF.

Vatnagörðum 4, sími 85044

RADIÓBÚDIN

Skipholti 19, sími 29800

FORMPRENT

Hverfisgötu 78, sími 25960

Ferðir og fundir ÍSALP

Miðvikudagur 12/3: Opið hús:
Sýndar verða myndir frá Skessuhorni.

Laugardagur 15/3-sunnudagur 16/3: Snjóklifurnámskeið á Skessuhorni:
Leiðbeinendur: Arngrímur Blöndahl, Birgir Jóhannesson. Forgang hafa þeir, sem ekki hafa áður verið á snjóklifurnámskeiði. Fjöldi takmarkast við 12. Þeir sem vilja nota ferðina til annarra afinga eru velkomnir.

Miðvikudagur 19/3: Opið hús:
1. Guttormur B. Þórarinsson sýnir myndir af fjalla- og jöklaverðum, m.a. af Heklu og Eyjafjallajökli.
2. Kvíkmynd Ferðamálaráðs: Landið er fagurt og frítt.
3. Rett um ferðina á Eyjafjallajökul.

Föstudagur 21/3-sunnudagur 23/3:
Eyjafjallajökull:

Fararstjóri: Jón E. Rafnsson, sími 75311. Pátttaka í vetrarnámskeið Ísalp skilyrði fyrir pátttöku í þessari ferð.

Miðvikudagur 26/3: Opið hús:
Kynning á snjóhúsagerð. Umsjón Einar Hrafnkell Haraldsson.

Miðvikudagur 2/4: Opið hús.

Miðvikudagur 9/4: Opið hús:
Rett um Ísfossaferðina.

Sunnudagur 13/4: Ísfossaferð:
Fararstjóri: Torfi Hjaltason.

Miðvikudagur 16/4: Opið hús:
Ari Trausti Guðmundsson ræðir um og sýnir myndir frá Kverkfjöllum og Grímsvötnum.

Miðvikudagur 23/4: Opið hús:
Sigfús Gunnarsson sýnir myndir

frá Kilimanjaroferð sinni. Rett um Botnssúlnaferðina.

Laugardagur 26/Sunnudagur 27/4:
Botnssúlur:
Nánar ákvæðið síðar.

Miðvikudagur 30/4: Opið hús:
Björn Vilhjalmsson stjórnar umræðum um íslenskun hugtaka og erlendra tækniorða í klifri. Rett um Esjuferðina.

Sunnudagur 4/5: Eilifsdalur í Esjunni:
Fararstjóri: Hreinn Magnússon.
Nánar auglýst síðar.

Miðvikudagur 7/5: Opið hús:
Torfi Hjaltason sýnir myndir frá Öræfajökli og Tindfjöllum.
Rett um ferðina á Kolbeinsstaðafjall.

Föstudagur 9/Sunnudagur 11/5:
Kolbeinsstaðafjall:

Fararstjóri: Magnús Guðmundsson. Pátttaka bundin við vana fjallamenn.

Miðvikudagur 14/5: Opið hús:
Ingvar Teitsson spjallar um mat og næringargildi hans.

Miðvikudagur 21/5: Opið hús:
Guðlaugur Þórðarson sýnir myndir úr skíðaferð í Kverkfjöll og á Vatnajökli.
Rett um Tindfjallaferðina.

Laugardagur 24/Mánudagur 26/5:
Tindfjöll:
Fararstjóri: Ingvar Teitsson.



VÖRUR SEM VANDAÐ ER TIL



Bergans
OF NORWAY

MoAc

Camp
Trails

karrimor
International Ltd.

ajungilak

Black's
of Greenock

ultimaté

Paraboot - Galibier

SALEWA

Kastinger



SKÁTABÚÐIN

SNORRABRAUT 58 SÍMI 12045

Rekin af Hjálparsveit Skáta Reykjavík

SÉRVERSLUN
FYRIR
FJALLA- OG
FERÐAMENN.